



Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á 30 ára afmælishátíð
Grindavíkur
17. apríl 2004

Góðir Grindvíkingar

Það er svo sannarlega gaman að vera með ykkur á ný og fagna merkjum áfanga í sögu bæjarins, finna gleðina sem alltaf setur svip á samkomur Grindvíkinga og kraftinn sem samstaðan hér hefur jafnan skapað.

Grindavík hefur öðlast sérstakan sess í hugum okkar Íslendinga, baráttan við úfið haf og fengsælir fiskimenn hafa gert bæinn að samnefnara fyrir aldalanga glímu þjóðarinnar, sókn hennar eftir lífsbjörginni við aðstæður sem voru flestum ofviða en Grindvíkingar hafa löngum sigrast á.

Úr jarðvegi mikillar sögu sem rekja má allt aftur til landnáms, til Molda-Gnúps, Þórkötl, Járngerðar og þeirra fólks, og geymir einnig frásagnir af átökum við erlent vald, kaupmenn sem voru harðir í horn að taka, þá hefur vaxið hér nútímabær sem orðið hefur að fyrirmynd: blómlegt íþróttalíf, sigurliðum ákaft fagnað þegar þau færa bikara heim, atvinnufyrirtæki sem eru í forystu á landsvísu, frumkvæði í orkunýtingu og ferðaþjónustu sem skapað hefur hér í nágrenninu kennileiti sem orðið er frægt á heimsvísu.

Ég segi stundum við erlenda gesti sem til Íslands koma í stutta heimsókn og eiga viðræður við forsetann á Bessastöðum að vilji þeir kynnst kjarnanum í þjóðarsál Íslendinga og sjá með eigin augum árangur þjóðarinnar í framfarasókn síðustu aldar, skilja baráttu fólksins við náttúruöflin og hvernig auðæfum sem sótt hafa í verið í greipar hafsins hefur verið deilt út meðal fólksins í byggðum vítt og breitt um landið allt, þá skuli þeir að lokinni heilsudvöl í lóninu bláa aka rակleidis til Grindavíkur og skoða bæinn með opnum huga, íbúahverfin sem risið hafa, heimili sjómanna og fiskverkafólks, íþróttahúsið og sundlaugina, vellina ætlaða til knattspyrnu eða kappsfullrar golfkeppni, höfnina og

húsakynni heilsugæslu, hið merka safn um saltfiskverkun þar sem þjóðarsagan birtist í túlkun Grindavíkinga, njóta einnig víðsýnis til allra átta og sé boðið upp á boltaleik um kvöldið þá geti þeir kynnst kröftugasta stuðningsliði sem völ sé á þótt leitað væri um veröld víða. Og er mér í fersku minni þegar stuðningsmenn Grindavíkur yfirhrópuðu klapplið KR á Laugardalsvellingum hér um árið og þarf þó mikið til að láta ákafaliðið úr Vesturbænum tapa takti.

Það er í rauninni líkt og að komast í snertingu við kraftaverk að kynnast andanum sem hér ræður ríkjum og árangrinum sem þið hafið náð á mörgum sviðum. Því er eðlilegt að oft sé spurt: Hver er galdurinn hjá Grindvikingum? Hvernig tekst fiskibæ af þessari stærð að gera sig gildandi á svo fjölbættan hátt, eignast meistaralið í bæði körfubolta og knattspyrnu, tveimur greinum þegar flest bæjarfélög verða að láta sér nægja eitt eða ekkert? Hvernig ná Grindvikingar að festa í sessi fyrirtæki sem verða öflug á landsvísu þegar aðrar byggðir sem jafnvel liggja betur við miðum þurfa að berjast í bökkum? Hvernig datt Grindvikingum í hug að gera úr lítilli hitaveitu sem í upphafi var aðeins ætluð bæjarbúum fyrirtæki í heilsurækt og ferðaþjónustu sem stórblöð um víða veröld og heimsþekktar sjónvarpsstöðvar hafa fjallað um hvað eftir annað?

Já, hver er galdurinn hjá Grindvikingum, lykillinn að öllu þessu? Er það ekki andinn, sem í ykkur býr, samstaðan, keppnisgleðin, áræðnin, úthaldið, en umfram allt sú jákvæða bjartsýna samkennd sem birtist ætíð þegar Grindvikingar taká honum stóra sínum, samkenndin sem ræður hér ríkjum á Sjómannadaginn, helstu hátíð í bænum? Sjómannadagurinn í Grindavík er sannarlega einstakur og mikil forréttindi að fá að taka þátt í honum, fagna sjómönnunum sem heiðraðir eru, horfa á koddaslaginn og vaska stráka – og líka stelpur, detta í sjóinn og fara svo í Festi þar sem heiðurskonur hafa jafnan reitt fram hið glæsilegasta tertuborð.

Félögin hér í Grindavík, kvenfélagið, verkalýðs- og sjómannafélagið, ungmenna- og íþróttafélagið, slysavarnadeildin, Lions og öll hin hafa verið vettvangur samstöðunnar sem verið hefur aðalsmerki Grindvíkinga og þótt menn hafi eins og gengur verið hér á öndverðum meiði í ýmsum málum, þá hafið þið ætíð borið gæfu til að standa saman um stóru verkin – og ég vona sannarlega að svo verði um alla framtíð.

Þið varðveitið líka merka sögu og verðskuldið þjóðarþökk fyrir hið glæsilega Saltfisksetur, merka nýjung í safnaflóru okkar Íslendinga, fordæmi sem sýnir hvað byggðarlögin geta gert til að varðveita þjóðararfinn.

Hér á íslensk menning, bókmenntir og listir einnig merkar slóðir og mörg eru verkin sem innblástur frá Grindavík hefur skapað. Tónlistin, málverkið og sagnasnilldin eiga sér grindvíska haga sem kenndir eru við

Sigvalda Kaldalóns, Gunnlaug Scheving og Guðberg Bergsson, snillinga sem allir rísa hátt í íslenskri menningarsögu og væri það vissulega efniviður í annað safn, menningarsetur Grindavíkur, að koma til skila sýn á æviverk þessara þremenninga og annarra, einkum þá þætti sem tengjast Grindavík, tónlistina sem Kaldalóns skóp hér um slóðir, málverk og myndir Schevings frá langdvölum í Grindavík og ódauðlega snilldartexta Guðbergs sem gert hafa mannlífið í Grindavík að framlagi til heimsbókmenntanna sem nýlega var heiðrað með sérstökum verðlaunum frá sænsku nóbelsnefndinni.

Við upphaf nýrrar aldar og á tímamótum í sögu Grindavíkur er sannarlega ástæða til að gleðjast yfir árangri fyrri ára en einnig að horfa fram á veg með einurð og bjartsýnum sóknarhug. Það er glæst framtíð sem við ykkur blasir og ég færi ykkur heillaóskir hér í dag.

Við Dorrit þökkum þann heiður að fá að vera með glöðum Grindvíkingum og ég þakka vináttu og hlýhug sem þið hafið jafnan sýnt mér; minningarnar frá fyrri samverustundum eru og verða mér alltaf einkar kærar.

Til hamingju Grindvíkingar!